



Fréttatilkynning 02/04
Lúxemborg, 23. nóvember 2004

Skattlagning á arð af hlutafé: Skattafsláttur sem er einungis veittur hluthöfum búsettum í viðkomandi ríki brýtur gegn ákvæðum EES-samningsins um frjálsa fjármagnsflutninga

(Mál E-1/04 *Fokus Bank ASA* gegn *Noregi*)

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu í dómi sínum í dag að reglur norskra laga sem gilda um afslátt af skatti á arð af hlutafé brjóti í bága við EES-löggjöf.

Samkvæmt norskum lögum um skatt á fyrirtæki er útgreiddur arður, frá norskum fyrirtækjum til hluthafa, bæði skattlagður á hendi fyrirtækisins og sem almennar tekjur hluthafa. Til að koma í veg fyrir tvísköttun af þessu tagi er hluthöfum búsettum í Noregi veittur skattafsláttur sem hefur í för með sér að arður er einungis skattlagður á hendi fyrirtækisins. Þess háttar afsláttur er hins vegar ekki veittur hluthöfum búsettum utan Noregs. Fyrirtækinu sem greiðir arðinn ber að halda eftir afdregnum skatti fyrir hluthafa búsetta utan Noregs.

Málinu var vísað til EFTA-dómstólsins frá áfrýjunardómstóli Frostapings (Frostating lagmannsrett) en málið fyrir þeim dómstól varðar hagsmuni fyrirtækja í Bretlandi og Þýskalandi sem voru hluthafar í norskum banka.

Í úrlausn EFTA-dómstólsins segir að umrædd norsk löggjöf hefti frjálsa fjármagnsflutninga og brjóti þannig í bága við 40. gr. EES-samningsins. Sú mismunun sem felst í löggjöfinni geti fælt erlenda fjárfesta frá norskum fyrirtækjum og þannig komið í veg fyrir að þau afli fjármagns frá erlendum fjárfestum. Röksemdum norska ríkisins til réttlætningar á framangreindu fyrirkomulagi var hafnað.

EFTA dómstóllinn komst einnig að þeirri niðurstöðu að reglur norskra skattalaga um málsmeðferð við endurálagningu fælu í sér mismunun gagnvart hluthöfum búsettum erlendis þar sem þeir njóti ekki sambærilegs réttar og innlendir hluthafar til upplýsinga um endurálagningu og til málsaðildar fyrir skattayfirvöldum.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA dómstólsins: www.eftacourt.lu.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.